



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík.

Reykjavík, 7. júní 2018.

Tilvísun: 201806-0547 / 03.00

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

**148. löggjafarþing 2017–2018.
Þingskjal 1029 — 622. mál.
Stjórnarfrumvarp.**

Lagt hefur verið fram á alþingi, stjórnarfrumvarp (hér eftir „frumvarpið“) er byggir á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga hér eftir „reglugerðin“.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu (LRH) fer með og vinnur mikið af persónuupplýsingum, t.d. vegna leyfisveitinga, starfsmannamála, rannsóknar sakamála og í þágu lögreglustarfa sbr. 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Samkvæmt 2. tl. 3. gr. frumvarpsins eru „persónuupplýsingar“ upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling („skráðan einstakling“) og telst einstaklingur persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkanna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

Í 6. mgr. 4. gr. frumvarpsins er skýrt kveðið á um að lög þessi og reglugerðin gildi ekki um vinnslu persónuupplýsinga af hálfu ríkisins í tengslum við það að koma í veg fyrir, rannsaka, koma uppum eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsiviðurlögum, þ.m.t. að vernda gegn og koma í veg fyrir ógnir við almannaoöryggi og er það efnislega áþekkt ákvæði 2. mgr. 3. gr. núgildandi laga. Í lögskýringagögnum og í 19. lið formála reglugerðarinnar kemur fram að hún eigi ekki að gilda um vinnslustarfsemi á borð við þá sem unnin er hjá lögreglu, þ.e. í tengslum við það að koma í veg fyrir, rannsaka, koma uppum eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsiviðurlögum, þ.m.t. að vernda gegn og koma í veg fyrir ógnir við almannaoöryggi og ætti þá að gilda tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2016/680 (hér eftir

„löggæslutílskipunin“). Þó eiga verkefni sem unnin eru af lögbærum yfirvöldum og eru ekki í þessum tilgangi er nefndur er hér framar að falla undir gildissvið reglugerðarinnar.

Samhliða reglugerðinni var einnig samþykkt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2016/680 um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum í tengslum við að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsiviðurlögum og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu rammaákvörðunar ráðsins 2008/977/DIM en hún hefur verið kölluð „löggæslutílskipunin“. Við fyrstu skoðun sýnist hún vera nokkuð ítarlegri varðandi persónuvernd en reglugerð sú sem unnið er eftir, reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu nr. 322/2001.

Í ákvæði til bráðabirgða II í frumvarpinu, er lagt til að reglugerðir eins og reglugerð nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu haldi gildi sínu enda fari þau ekki í bága við þegar þau hafa verið samþykkt og reglugerðina. Í frumvarpinu er einnig tekið fram að það sé mikilvægt að ekki myndist tómarúm við gildistöku nýju laganna á meðan unnið er að undirbúningi og endurskoðun reglugerðanna og setningu frekari persónuverndarlaga. Þær reglur sem LRH starfar eftir eiga því stöð áfram til bráðabirgða í nýjum lögum.

Nýju persónuverndarlögin virðast ekki eiga að breyta neinu varðandi löggæsluverkefni fyrr en löggæslutílskipunin verður innleidd í íslensk lög. Núgildandi lög um persónuvernd byggja á grunni tilskipunar ESB frá 1995 og standa kjarnaatriði hennar óbreytt t.d. meginreglurnar um vinnslu persónuupplýsinga, réttindi hins skráða og skyldur ábyrgðaraðila. Aðildarríki geta útfært einstök ákvæði reglugerðarinnar og virðist frumvarpið ekki beinast að vinnslu persónuupplýsinga á sviði lögreglumála heldur virðist starfshópurinn sem vann frumdrögin að frumvarpinu farið sömu leið og gert er í reglugerðinni og treyst á að það yrði leyst með innleiðingu löggæslutílskipunarinnar. Fjallar frumvarpið ekki um hvernig löggæsluyfirvöld eiga að bera sig að við vinnslu persónuupplýsinga varðandi löggæsluverkefni.

Vinna stendur nú yfir í dómsmálaráðuneytinu við að innleiða framangreinda löggæslutílskipun í íslenska löggjöf. Embætti LRH vill því gera þann fyrirvara að það kunni að setja fram ábendingar síðar, þegar framangreind löggæslutílskipun verður innleidd í íslensk lög. Ekki er að fullu ljóst hvaða áhrif sú innleiðing mun hafa á starfssemi lögreglu, sem og samspil við það frumvarp sem nú hefur verið lagt fram.

Vinóttur/fyllist,

Helga Valberg-Jensson,
aðalöguráðgjafi LRH.